

## 6. fundur foreldraráðs Heilsuleikskóla Kærabæjar haldinn á Kærabæ 25.04.2012 kl. 20:30.

Mætt voru: Karítas Kristjánsson formaður, Þórunn Júlíusdóttir leikskólastjóri, Anton Kári Halldórsson og Fanney Ólöf Lárusdóttir sem ritaði fundargerð.

Karítas setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Starfsreglur foreldraráðs Heilsuleikskólans Kærabæjar: Farið var yfir starfsreglur fyrir foreldraráð Heilsuleikskólans Kærabæjar. Samþykkt var að leggja endurskoðaðar starfsreglur fyrir næsta foreldrafund sem haldinn verður í september næstkomandi.
2. Önnur mál: Rætt um ýmislegt tengt leikskólamálum.
  - a. Þórunn lagði fram aðalnámskrá leikskóla 2011 sem Mennta- og menningarmálaráðuneytið gaf út í febrúar 2012 í glæsilegu riti. Hafði áður verið komið á veraldarvefinn.
  - b. Þórunn kynnti skemmtilega og fróðlega könnun meðal 5 ára barna í leikskólanum þar sem þau voru spurð spurninga tengt leikskólanum.
  - c. Þórunn upplýsti að hún væri að fara í frí frá byrjun maí til 15. ágúst vegna uppsafnaðs kaffitímafrís og sumarleyfis.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 21:30.

Fanney Ólöf Lárusdóttir ritari.